

Byggðu ei hús þitt í kirkjugarði

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

Kvikmyndaleikstjórinn Steven Spielberg, sem m.a. hefur stjórnað metaðsóknarmyndunum **JAWS**, **CLOSE ENCOUNTERS OF THE THIRD KIND** og **RAIDERS OF THE LOST ARK**, verður heldur betur í sviðsljósinu í sumar, þar sem að tvær myndir hans til viðbótar voru frumsýndar með viku millibili fyrr í mánuðinum. Hér verður fjallað um aðra þeirra **POLTERGEIST**, sem frumsýnd var í New York 4. þ.m. og spáð er feiknavinsældum, á við þær sem myndirnar þrjár sem fyrr er getið, nutu á sínum tíma.

Heimsfrumsýningardagur myndar eftir Steven Spielberg er talsverður viðburður í augum forfallins kvikmyndaneytanda, svo ég tók daginn snemma og hafði tekið mér stöðu í þá þegar myndarlegri biðröð utan við kvikmyndahúsið uppúr 9, (f.h.) fyrsta sýning átti að hefjast klukkan 11. Og tíminn liður hratt á Times Square á heitum og fögrum sumarmorgni. Margt kúnstugt og kyndugt ber fyrir augu eyjarskeggjans þegar hann hefur ekkert annað fyrir stafni en að virða fyrir sér iðandi og litskrúðugt mannlíf á þessum krossgötum veraldar. Það tínist ýmislegt til. Og þegar byrjað var að hleypa inn, var biðröðin orðin næsta óárennileg.

POLTERGEIST er í bland draugasaga og hrollvekja. Hún segir af Freelin hjónunum, (dæmigerðu millistéttarfólki — eftirlæti Spielbergs), sem búa í huggulegu, nýbyggðu úthverfi ásamt börnum sínum þremur, Dönu sem er á táningsaldri, Robbie og litlu Carol Anne.

Í myndarbyrjun eru þess engin merki að ýmislegt læviblandið liggir í loftinu. Heimilisföðurnum vegnar vel og innan dyra ríkir góður andi. Börnin eru þvegin, kembd og háttuð og pabbi sofnar út frá sjónvarpinu. En þegar útsendingu lýkur um nóttina fer ýmislegt á stjá sem enginn greinir nema heimilishundurinn og Carol litla. Hún dregst sem bergmúni að sjónvarpstækini og í gegnum trufanirnar á auðum skjánum, skynjar hún öfl sem reyna að ná til hennar.

Kvöldið eftir brestur svo allt úr böndum. Robbie litli sofnar ekki, þar sem hann óttast að tréð fyrir utan gluggann ætli sér að hremma sig, (sem það og gerir) og yngsta barnið á bænnum bíður spennu eftir að hinir nýju vinir hennar á skjánum birtist.

Nú gerist margt. Óveður skellur á með tilheyrandi skrugum og ljósagangi, gamla, kræklotta tréð teygir visnar greinar sínar í

Robbie og hrifur hann til sín. Pabba og mömmu tekst eftir langa mæðu að heimta hann úr helju eftir mörg skelfingar augnablik, en á meðan hafa vöflegir hlutir gerst innan dyra. Líkt og hvírfilvindr hafa hin illu öfl af skjánum sogað til sín Carol litlu, en þó heyrir heimilisfólkið neyðaróp hennar einhverstaðar úr fjarska.

Samtímis verður reimt í hús-

úr heljargreipum. Allt virðist nú fallið í ljúfa lög, vísindamennirnir hverfa á braut og miðillinn lýsir húsið „hreint“.

En húsráðendur una ekki hag sínum lengur á þessum stað, að auki hafa þau komist að því að það er byggt á gömlum kirkjugarði og þar virðist komin skýringin á djöfulganginum. Húsbóndinn heldur á braut til að ganga frá sínum málum fyrir



Jobeth Williams, í hlutverki móðurinnar, í óskemmtilegum félagsskap í lokauppgjöri manna og illra afla í **POLTERGEIST**.

POLTERGEIST

It knows what scares you.

Nafn myndarinnar.


inu, óhugnanleg hljóð og birta skelfa íbúana. Húsgögn fara á flakk og framliðir birtast, og af og til berast til eyrna kveinstafir litlu stúlkunnar. En lífið gengur hvarvetna sinn vanagang í hverfinu, svo þau hjónin vita ekki hvert þau eiga að snúa sér í leit að hjálpi.

Að lokum hugkvæmist þeim að leita á nádír sérfræðinga í reimleikum og dveljast þeir á heimilinu um hríð, hlaðnir margvíslegum tæknibúnaði. Þeir fá þó ekkert aðgert, frekar að draugagangurinn aukist en hitt, fyrr en til hjálpar er kvaddur dvergvoxinn miðill, hin furðulegasta persóna í alla staði. Eftir mikinn darraðardans við illar vættir, tekst þó móðurinni — fyrir visku miðilsins — að „fara yfir mörkin“ og heimta barn sitt

brotflutninginn. En hann er ekki fyrr horfinn en enn eitt áfallið ríður yfir hrjáða íbúa hússins, og nú er sem allir árar andskotans leiki lausum hala...

Eins og sjá má af efninu er **POLTERGEIST** hrein fantasía, sem menn eiga að njóta sér til skemmtunar og forðast að taka alvarlega. Og svo sannarlega tekst Spielberg að hafa ofan af fyrir manni í þá tæpu tvo tíma sem myndin stendur. Reyndar er erfitt að sjá hvert hann stefnir en að mínu áliti var það takmark hans fyrst og fremst að gera skemmtimynd í anda sinna bestu mynda.

Þó má alltaf greina óttann sem nagar barnssálina í gegnum mestan hluta **POLTERGEIST**, óttann sem við munum örugglega velflest eftir frá bernskuár-



Illir andar eru að ná tökum á Heather litlu O'Rourke.

unum. Ótta við myrkrið sem hellist yfir mann þegar ljós voru slökkt á kvöldin, ótta við ókindina sem bjó um sig í myrkrunu undir rúminu og leit að færís að grípa heljartökum um fætur manns ef maður vogaði sér framúr, (sem var sjaldan), jafnvel góðvinir manns, leikföngin gátu fengið á sig ískyggilegan blæ ef hugarástandið var bágborið á myrkvöldu síðkvöldi þegar flestir voru gengnir til náða. Myrkfælnina man Spielberg og kemur trúverðulega til skila.

Sennilega hafa sjónbrellur og hljóðeffektar sjaldan notið sín jafnvel og í **POLTERGEIST**. Hér koma í ljós sterkustu hliðar töframansins Spielbergs. Hann, ásamt úrvals aðstodarmönnum, baðar áhorfendur í margbreytilegri lýsingu, sem á mögnuðustu köflunum virkar ójarðnesk. Hann kemur út á

urnar. Undantekningar eru þó hlutverk barnanna tveggja, en með þau fara Oliver Robbins og Heather O'Rourke. Þau fara á kostum og er leikur hvorttveggja sannfærandi og skemmtilegur. Og ekki má gleyma furðukvendinu Zeldu Rubinstein í hínu makalaus hlutverki dvergmiðilsins sem er sér kafla út af fyrir sig.

POLTERGEIST er tvímælaust enn ein skrautfjörðin í hattinn hans Spielberg. Því þrátt fyrir endasleppan og óhugsandi efnisþráð, hefur honum enn einu sinni tekist að skapa afburða afþreyingarmynd, þar sem hvergi er höggstað að finna frá tæknilegu eða skemmtanalegu sjónarmiði. Hinsvegar hefur hann auðgað kvikmyndaformið með sífrjórrí útsjónarsemi sinni og ríku hugmyndaflugi. Og ekki var laust við að maður andaði léttar en úti sólskinið var komið að nýju.

ATH.: Ég hef alfarið eignað Spielberg myndina **POLTERGEIST**, hinsvegar er Tobe Hooper titlaður leikstjóri á kreditlistanum. Sá er frægastur fyrir ófögnuðinn **THE TEXAS CHAINSAW MASSACRE**, eina subbulegustu og ósmekklegustu lágkúru síðari ára, sem naut þó talsverðra vinsælda. Af þeim sökum bauð Spielberg Hooper leikstjórastarfið, en von bráðar kom í ljós að hann var því engan veginn vaxinn. Spielberg tók því yfir eins og bersýnilega kemur fram á gæðum og yfirbragði myndarinnar. Af vissum ástæðum lét hann þó ekki afmá nafn Hoopers — sem heldur hefur ekki borið á móti þessari afsetningu.

Gerð 1982 af MGM/UA. Framleiðandi: Steven Spielberg, Frank Marshall. Leikstjóri: Tobe Hooper. Handrit: Spielberg, Michale Grais og Mark Victor. Söguþráður: Spielberg. Kvikmyndataka: Matthew F. Leonett. Klipping: Michael Kahn. Tónlist: Jerry Goldsmith. Sýningartími 115 mín. Aðalhlutverk: Graig T. Nelson, Jobeth Williams, Beatrice Straight, Dominique Dunne, Oliver Robins, Heather O'Rourke og Zeld Rubinstein.

Hönnunarsýningu á Kjarvalsstöðum lýkur um helgina

Sýningunni Hönnun '82, sem haldin er á Kjarvalsstöðum í tilfni Listahátíðar, lýkur um helgina, en sýningin er árangur samstarfs stjórnar Kjarvalsstaða og stjórnarnefndar markaðsátaks í þágu íslensks húsgagnaíðnaðar. Á sýningunni er úrval húsgagna, lampa og „textíla“ frá ellefu íslenskum framleiðendum, svo og ýmskonar listmunir eftir 27 íslenska listamenn.

Tilgangurinn með sýningunni

er, að sögn forráðamanna Kjarvalsstaða, að leiða saman listamenn og framleiðendur til sameiginlegs átaks og vekja með því móti athygli á því hvernig listin getur unnið fyrir og með hinum ýmsu þáttum atvinnulífsins. Í því sambandi er á það bent hvernig þróun hönnunar t.d. í Finnlandi og Danmörku hefur sannað hverju hugvit og listrænn metnaður fá áorkað í þessum efnun.



Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, skoðaði sýninguna sl. mánudag, ásamt Hjörleifi Guttormssyni og fleiri gestum, og var myndin tekin við það tækifæri.